

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2016, þriðjudaginn 12. apríl, var haldinn 128. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu Fjöltnis í Egilshöll og hófst fundurinn kl. 16:05. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Ólafur Kr. Guðmundsson. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Jóhannes Óli Garðarsson áheyrnarfulltrúi Korpúlfa, Karítas Bjarkadóttir áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs Grafarvogs, Stefán Garðarsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Bryggjuhverfis, Árni Guðmundsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Grafarvogs, Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs, Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Umræða um styrkbeiðnir til hverfisráðs Grafarvogs.

Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, kt. 530269-7609, styrkumsókn fyrir Grafarvogsdaginn. Samþykkt að veita 150.000 kr í verkefnið. Fimleikadeild Fjöltnis, kt. 410702-3470, styrkumsókn fyrir námskeiði í næringarfræði og íþróttasálfræði fyrir unglinga 13 ára og eldri. Samþykkt að veita 150.000kr í verkefnið.

Frjálsíþróttadeild Fjöltnis, kt. 631288-7589, styrkumsókn fyrir áhaldakaupum. Samþykkt að veita 50.000kr. í verkefnið.

Menningarnefnd Korpúlfa, kt. 601101-2460, styrkumsókn fyrir námskeiðahaldi í framsögn og skapandi skrifum. Samþykkt að veita 50.000kr. í verkefnið.

Baldvin Örn Berndsen, kt. 030762-3479, styrkumsókn fyrir vefsíðuna grafarvogsbuar.is. Umsókn hafnað.

Knattspyrnudeild Fjöltnis, kt. 690193-3299, styrkumsókn vegna áhaldakaupa. Umsókn hafnað.

- Kl. 16:20 tekur Gísli Rafn Guðmundsson sæti á fundinum.

2. Umræða um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Grafarvogi.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Grafarvogs:

Hverfisráð Grafarvogs þakkar stjórn Fjöltnis fyrir afnot af skrifstofu félagsins fyrir fund sinn þann 12. apríl 2016. Hverfisráð hvetur borgarstjórn til að hefja þegar í stað byggingu fjöltnota íþróttahús í tengslum við Egilshöll. Ljóst er að þörfin fyrir slíkt hús er brýn og boltadeildir Fjöltnis eru á hrakhólum með húsnæði. Frjálsíþróttadeild Fjöltnis hefur óskað eftir að fá til afnota austur gafl Egilshallar og styður Hverfisráð þá ósk enda hægt að útbúa hann á hagkvæman hátt og þannig skapa viðundandi aðstöðu fyrir deildina sem í dag hefur enga aðstöðu. Jafnframt hvetur Hverfisráð Grafarvogs borgarstjórn til að bæta við annarri rennibraut við Grafarvogslaug. Mikið er um að foreldrar í hverfinu kjósi frekar að fara með börnin sín í sund í Árbæjarlaug eða í Lágafellslaug í Mosfellsbæ því umhverfi þeirra lauga er mun meira aðlaðandi og barnvænna en í Grafarvogslaug. Benda má að 20% barna og unglinga í Reykjavík búa í Grafarvogi.

3. Útskrift úr gerðarbók USK lögð fyrir fundinn til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:59

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir

Ólafur Kr. Guðmundsson